



Borgarráð

Heimsókn Anne Hidalgo borgarstjóra Parísar til Reykjavíkur

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Anne Hidalgo borgarstjóri Parísar hittust á tvíhliðafundi meðan á fundi borgarstjórasamstarfs OECD og allsherjarþings borgarsamtakanna Eurocities í Brussel stóð dagana 12.-16. júní sl. Þar staðfesti Hidalgo borgarstjóri ósk um að koma í heimsókn til Reykjavíkur dagana 26.-28. júní, meðal annars til að kynna sér græna umbreytingu Reykjavíkur, orku og loftlagsmál, til að kynna verkefnið Römpum upp Reykjavík, verkefni um forvarnarmál ungmenna og fleira.

Hidalgo borgastjóri mun koma til Reykjavíkur að morgni 26. júní ásamt 4-5 manna sendinefnd. Verið er að leggja lokahönd á tveggja daga dagskrá m.a. með heimsókn í Ráðhús Reykjavík, fund um forvarnir með sérfræðingum og samstarfsaðilum borgarinnar á því sviði, fund með Haraldi Þorleifssyni forvígismanni Römpum upp Reykjavík, vettvangsferð í Hellsheiðarvirkjun og á Þingvelli, auk móttöku í Höfða.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri